

# Spurning nr. 1 – Svör allra framboða og samantekt

---

**Hvað ætlar þinn flokkur að gera til að tryggja að hér á landi sé menntastefnunni um skóla án aðgreiningar raunverulega framfylgt?**

---

## **Punktur úr svörum framboðanna:**

- A – Björt framtíð nefnir sérstaklega alþjóðasamninga og skuldbindingar sem lúta að mannréttindum barna í þessu samhengi. Björt framtíð telur nauðsynlegt að breyta skipulagi skóla og auka stuðning við bæði kennara og nemendur til þess að allir nemendur geti raunverulega fengið bæði námslegum og félagslegum þörfum sínum sinnt.
  - B – Framsóknarflokkurinn vill að nemendur njóti fulls jafnréttis til náms, m.a. óháð fötlun, getu, búsetu, kyns eða uppruna. Til þess að svo megi verða, þurfi að auka grunnþjónustu, bæði staðbundna og fjarþjónustu. Þá þurfi að auka aðgengi, samvinnu og samræmingu um stuðning, ráðgjöf, stoðþjónustu og heilsugæslu.
  - C – Viðreisn telur að skilgreina þurfi betur hvaða þjónustu eigi að veita innan almennra grunnskóla. Þá þurfi að efla þekkingu og úrræði innan skólanna, með það fyrir augum að komið verði á laggirnar öflugu teymi starfsfólks sem hafi víðtækari þekkingu og reynslu en nú er.
  - D – Sjálfstæðisflokkurinn vísar til úttektar á menntun án aðgreiningar, í samvinnu við Evrópumíðstöð um nám án aðgreininga og telur að taka eigi ákvarðanir sem styðji við menntun án aðgreiningar þegar þeirri vinnu lýkur í árslok 2016.
  - P – Píratar vilja áfram stefna að skóla án aðgreiningar en segja að rannsaka þurfi hversu mikið viðbótarfjármagn (fyrir aðstöðu, starfsþróun og fjölgun starfsfólks) þurfi til að hann verði að veruleika.
  - R – Alþýðufylkingin telur að ef stefna um skóla án aðgreiningar eigi að teljast raunhæf þurfi menntakerfið að fá miklu meiri fjármuni en það hefur hingað til fengið.
  - S – Samfylkingin styður heils hugar skóla án aðgreiningar en leggur ríka áherslu á að réttindi barna og ungmenna verði tryggð í skóla margbreytileikans. Gefa þurfi nemendum sem þurfa sérstakan stuðning eða skipulag í námi sínu vegna fötlunar, veikinda eða annarra örðugleika, tækifæri til að stunda nám á sínum forsendum með leiðum sem skila árangri. Endurskoða þurfi tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga og tryggja sveitarfélögum nægilegt fjármagn svo hægt sé að framfylgja stefnunni um skóla án aðgreiningar með sóma. Sérstaklega þurfi að huga að málefnum barna með fjölpættan vanda.
  - T – Dögun vill sjá til þess að nægilegt fjármagn sé veitt til sveitarfélaga sem eiga að sinna þessum þætti.
  - V – Vinstri græn segir skóla án aðgreiningar mannréttindastefnu, á sama hátt og samfélag án aðgreiningar eða eitt samfélag fyrir alla, sem hafa verið kjörorð heildarsamtaka fatlaðra víða í Evrópu um árabíl. Mikilvægt sé að allir nemendur geti sem best ræktað og þroskað styrkleika sína jafnt námslega sem félagslega í því umhverfi sem hæfir þeim best.
-

# Spurning nr. 1 – Svör allra framboða og samantekt

---

## **A - Svör frá Bjartri framtíð:**

Björt framtíð (BF) leggur áherslu á að stefnan um skóla án aðgreiningar þýðir að það þarf að mæta einstaklingsbundnum þörfum allra nemenda til að tryggja að þeir fái góða og innihaldsríka menntun sem geri þeim kleift að auka lífgæði sín og tækifæri til fullrar þátttöku í samfélaginu. Til að þetta geri orðið að veruleika er ekki nóg að kveða á um skóla án aðgreiningar í lögum og reglum heldur þarf að tryggja að starfsfólk með nauðsynlega menntun og hæfni sé í öllum skólum. Starfsfólkið gegnir að sjálfsögðu lykilhlutverki í þessu. Það þarf að hafa greiðan aðgang að stuðningi og fræðslu til að geta staðið undir þeim miklu og mikilvægu skyldum og verkefnum sem skóli án aðgreiningar leggur þeim á herðar.

Björt framtíð telur að byrja þurfa á því að fara yfir þær greiningar sem fyrir liggja á stöðu stefnunnar og bæta við þær ef upp á vantar. Hafa þarf til hliðsjónar mannréttindasamninga eins og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem leik- grunn- og framhaldskólalögin og námskrár. Við teljum að það sé algert lykilatriði að þessi greining fari fram í víðtæku samstarfi og samráði allra hagsmunaaðila og ekki síst foreldra og barnanna sjálfra. Það er nauðsynlegt að breyta skipulagi skóla og auka stuðning við bæði kennara og nemendur til þess að allir nemendur geti raunverulega fengið bæði námslegum og félagslegum þörfum sínum sinnt.

---

## **B - Svör frá Framsóknarflokknum:**

Framsóknarflokkurinn vill að nemendur njóti fulls jafnréttis til náms, m.a. óháð fötlun, getu, búsetu, kyns eða uppruna. Til þess að svo megi verða þarf að auka grunnþjónustu, bæði staðbundna og fjarþjónustu. Þá þarf að auka aðgengi, samvinnu og samræmingu um stuðning, ráðgjöf, stoðþjónustu og heilsugæslu.

Menntastofnanir eiga m.a. að stuðla að virkri málörvun yngstu barnanna, og leggja áherslu á lestrarfærin og þjálfra læsi á öllum skólastigum.

Virða þarf ákvörðunarrétt nemenda og fjölskyldna þeirra sem vilja frekar nýta sér skóla sem vinna markvisst með nemendum með sértækar þarfir. Framsóknarflokkurinn leggur áherslu á snemmtæka íhlutun vegna barna með námserfiðleika og annan vanda. Tryggja þarf fjármagn til greiningar og að hægt sé að veita barni viðeigandi stuðning um og leið og vandi þess hefur verið

# Spurning nr. 1 – Svör allra framboða og samantekt

---

kortlagður. Tryggja þarf að skólar geti uppfyllt kröfur um skóla margbreytileikans og einstaklingsmiðað nám og námsleiðir, m.a. með því að veita þeim nauðsynlegt fjármagn, svigrúm og aðstöðu.

---

## **C - Svör frá Viðreisn:**

Viðreisn undirstrikar það sem fram kemur í aðalnámskrá grunnskóla (almennur hluti 2011, bls. 41), en til grundvallar er að allir nemendur eiga rétt á að stunda nám við sitt hæfi. Stefnan skóli án aðgreiningar hefur hinsvegar því miður ekki gengið sem skyldi. Hópur barna og ungmenna fær ekki úrræði við hæfi og er það ólíðandi. Viðreisn vill beita sér fyrir því að sú þjónusta sem inna á af hendi innan almennra skóla verði betur skilgreind. Eins leggur flokkurinn áherslu á að efla þurfi þekkingu og úrræði innan skólanna og þá með það fyrir augum að komið verði á laggirnar öflugtu teymi starfsfólks sem hafi víðtækari þekkingu og reynslu en nú er. Ekki er hægt að ætlast til þess að kennarar einir síns liðs geti mætt mismunandi þörfum ólíkra nemenda. Við horfum einnig til þess að nýta framþróun í stafrænni tækni og tengdum tækjabúnaði annars vegar til að auka einstaklingsmiðað nám og hins vegar til að nýta tíma sérkennara betur í þágu skóla án aðgreiningar. En klárt er að aukið fjármagn þarf til að láta þetta verða að raunveruleika.

---

## **D - Svör frá Sjálfstæðisflokknum:**

Sjálfstæðisflokkurinn átti frumkvæði að því að samstarfssamningur um framkvæmd úttektar á menntun án aðgreiningar var undirritaður við Evrópumíðstöð um nám án aðgreiningar.

Einnig var undirrituð viljayfirlýsing um samstarf um úttektina af hálfu stjórnarráðsins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Kennarasambands Íslands, Heimilis og skóla, landssamtaka foreldra og Skólameistarafélags Íslands.

Sjálfstæðisflokkurinn telur að taka eigi ákvarðanir sem styðji við menntun án aðgreiningar á grundvelli þessarar vinnu, sem hann hefur átt frumkvæði að. Búast má við að niðurstöður úttektar á námi án aðgreiningar liggi fyrir í lok þessa árs.

---

# Spurning nr. 1 – Svör allra framboða og samantekt

---

## **E - Svör frá Íslensku þjóðfylgkingunni:**

Engin svör bárust.

---

## **F - Svör frá Flokki fólksins:**

Engin svör bárust.

---

## **H - Svör frá Húmanistaflokknum:**

Engin svör bárust.

---

## **P - Svör frá Pírötum:**

Skóli án aðgreiningar er falleg og göfug hugsjón sem ber að taka alvarlega. Samþykkt stefna Pírata í Reykjavík er að áfram skuli stefna að skóla án aðgreiningar og rannsakað hversu mikið viðbótarfjármagn (fyrir aðstöðu, starfsþróun og fjölgun starfsfólks) þurfi til að hann verði að veruleika. Ljóst er að það fjármagn sem þurfti til að fylgja þessari fallegu hugmyndafræði almennilega úr hlaði var aldrei sett inn og af þeim sökum hefur víða skapast ástand sem kemur niður á nemendum, fjölskyldum þeirra og skólastarfi almennt. Boðið skuli upp á sérskólaúrræði fyrir þá nemendur og fjölskyldur þeirra sem þess óska.

Það er eindregin afstaða Pírata að það sé á ábyrgð löggjafans að tryggja fjármagn með samþykktum aðgerðum og framkvæmdum í lögum.

---

## **R - Svör frá Alþýðufylgkingunni:**

Ef sú stefna á að vera raunhæf þurfa að fylgja henni miklu meiri peningar en verið hefur. Börn með sérþarfir þurfa oft sérstaka aðstoð, sem jafnan þýðir fleira starfsfólk. Það kostar peninga og þá peninga á menntakerfið einfaldlega að fá.

---

## **S - Svör frá Samfylkingunni:**

# Spurning nr. 1 – Svör allra framboða og samantekt

---

Samfylkingin vill að menntakerfið gefi öllum nemendum tækifæri til að virkja hæfileika sína, stuðli að alhliða þroska þeirra og veiti góðan undirbúning fyrir fjölbreytt störf og virka þátttöku í lýðræðissamfélagi. Samfylkingin styður heils hugar skóla án aðgreiningar en leggur áherslu á að mikilvægt er að enduskoða tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga til að nægilegt fjármagn fylgi til sveitarfélaga svo hægt sé að framfylgja stefnunni með sóma. Þar þarf sérstaklega að auka fjárveitingar til sveitarfélaga svo þau geti sinnt sem skyldi málefnum barna með fjölbættan vanda.

Rétt er að vekja athygli á að Samfylkingin hefur um árabil lagt áherslu á málefni barna sem þurfa sérstakan stuðning í skólastarfinu svo sem sjá má í landsfundarályktun frá árinu 2015 undir yfirskriftinni Nemendamiðuð menntastefna:

Samfylkingin vill að menntun barna og ungmenna miði að því að nemendur á öllum aldri nýti styrkleika sína, færni og áhugasvið og að þeir fái aukið svigrúm til að ráða námshraða og skipulagi náms í samræmi við námsgetu og áform í námi. Samfylkingin leggur ríka áherslu á að réttindi barna og ungmenna verði tryggð í skóla margbreytileikans. Gefa þarf nemendum sem þurfa sérstakan stuðning eða skipulag í námi sínu vegna fötlunar, veikinda eða annarra örðugleika tækifæri til að stunda nám á sínum forsendum með leiðum sem skila árangri. Nýttar verði markvisst gagnreyndar aðferðir í kennslu og námi til að tryggja nemendum bestu hugsanlegu námsaðstæður. Samfylkingin vill auka samvinnu skóla og miðlun þekkingar um árangursríkar og fjölbreyttar aðferðir við kennslu. Notkun upplýsingatækni, öflug starfspróun kennara, þróun lærdómssamfélaga sem leggja áherslu á sameiginlega ábyrgð allra sem starfa í skólum á námi barna og ungmenna og aðgangur að fjölbreyttri kennsluráðgjöf eru allt lykilatriði í skólastarfi allra skólastiga.

## **Samfylkingin vill að:**

- *skipulag skóla og náms stefni að því marki að allir nemendur ljúki námi með brautskráningu.*
- *nemendum sem fallið hafa brott úr skóla verði auðveldað að hefja nám að nýju.*
- *innleiddar verði heildstæðar leiðir til að þjóna nemendum með mismunandi þarfir, jafnt nemendum sem glíma við náms- eða hegðunarerfiðleika og bráðgerum nemendum.*
- *börn hafi jafnan aðgang að almennum skólum, sérúrræðum og eftir atvikum sérskólum.*
- *starfsstéttir sameinist um að tryggja farsæld barna og ungmenna í skólum, bæði í*

# Spurning nr. 1 – Svör allra framboða og samantekt

---

*skólanum og í nánu samstarfi við hann. Ætíð skal hafa í huga að kennarar eru sérfræðingar í að skipuleggja nám og kennslu en þegar fjölþættur vandi er til staðar er kunnátta og færni ólíks fagfólks mikilvæg til að finna heildstæða lausn.*

- *stuðlað verði að frekari þróun dreifnáms og sveigjanlegs náms í því skyni að jafna aðgengi landsmanna að námi á öllum skólastigum.*
  - *börn með skerta heyrn fái tækifæri til þess að öðlast virkt tvítyngi íslensku og íslensks táknmáls. Vald á íslensku táknmáli er grunnur menntunar, lífsgæða og sjálfsmyndar heyrnarskertra barna.*
- 

## **T - Svör frá Dögun:**

Við viljum sjá til þess að nægilegt fjármagn sé veitt til sveitarfélaga sem eiga að sinna þessum þætti.

---

**V - Svör frá Vinstri hreyfingunni grænu framboði:** Skóli án aðgreiningar er mannréttindastefna á sama hátt og samfélag án aðgreiningar eða eitt samfélag fyrir alla sem hafa verið kjörorð heildarsamtaka fatlaðra víða í Evrópu um árabíl. Mikilvægt er að allir nemendur geti sem best ræktað og þroskað styrkleika sína jafnt námslega sem félagslega í því umhverfi sem hæfir þeim best.

---